

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 138/2023

2023/EES/81/63

frá 28. apríl 2023

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/938 frá 26. júlí 2022 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/373 að því er varðar kröfur um flugmálagagnaskrá og flugmálahandbók ⁽¹⁾.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 66xg (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/373) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„— **32022 R 0938:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/938 frá 26. júlí 2022 (Stjtið. ESB L 209, 10.8. 2022, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2022/938, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 29. apríl 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. apríl 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 209, 10.8.2022, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.